

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps, nr. 125/2021.

#### 1. gr.

14. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

#### *Fjarfundir.*

Heimilt er einstökum nefndarmanni að taka þátt í fundum sveitarstjórnar, ráða og nefnda með rafrænum hætti í gegnum fjarfundarbúnað skv. 4. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga ef hann er staddur innan sveitarfélagsins eða er á ferðum innanlands á vegum Svalbarðsstrandarhrepps, en að öðrum kosti skal kalla inn varamann.

Ef nefndarmaður, einn eða fleiri, taka þátt í fundi með fjarfundarbúnaði skal tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 40. gr. samþykktarinnar:

5. tl. um barnaverndarnefnd breytist og verður svohljóðandi: *Umdæmisráð barnaverndar*. Samkvæmt samningi um rekstur umdæmisráðs landsbyggða skipa aðildarsveitarfélögin fimm manna valnefnd sem fer með umboð sveitarfélaganna til skipunar í umdæmisráð barnaverndar. Skipunartími umdæmisráðs er fimm ár.
- Á eftir 5. tl. kemur nýr töluliður svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því: *Barnaverndarþjónusta Eyjafjarðar*. Samkvæmt samningi um rekstur Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar, sbr. auglýsingu nr. 798/2023, fer Akureyrarbær með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem ekki eru falin öðrum.

#### 3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 8. febrúar 2024.*

F. h. r.

**Aðalsteinn Þorsteinsson.**

*Ólöf Sunna Jónsdóttir.*